



## DANS2ME05

### Menning og lestur

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Haustönn 2024

<b>Kennari:</b>	<b>Pelle Damby Carøe</b> <a href="mailto:pellecaroe@fsu.is">pellecaroe@fsu.is</a>	<b>PC</b>
	<b>Sigríður Sigurðardóttir</b> <a href="mailto:sigridurs@fsu.is">sigridurs@fsu.is</a>	<b>SGS</b>

#### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla hjá nemandanum alla færniþætti tungumálsins, að efla sjálfsöryggi hans og tjáningu á eigin hugsunum, að efla sjálfstæði hans og vinnubrögð.

**Undanfari:** DANS2FJ05

**Tal:** Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í réttum framburði tungumálsins og geta átt samræður á tungumálinu.

**Hlustun:** Nemendur vinna með ýmiss konar hlustunarverkefni tengd menningu og dönsku lífi.

**Ritun:** Nemendur vinna með ýmsar textagerðir hvort heldur sem um er að ræða skapandi skrif eða stýrð verkefni eins og t.d. endursagnir, gagnrýni og frásagnir.

**Orðaforði:** Nemendur vinna með orðaforða í tengslum við námsefnið: jafnrétti, lýðræði, sköpun, velferð, hreyfingu, sjálfbærni, menntun og heilsu.

**Lestur:** Nemendur lesa smásögur og ýmiss konar texta.

**Námsefni:**

- **Glimt** – smásögusafn í eigu nemenda frá fyrri áfanga (DANS2FJ05)
- **Fjölmíðlar** – dr.dk
- **Efni frá kennara**

**Þekkingarviðmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:**

- málvenjum, uppsetningu og skipulagi ritaðs máls
- dönsku samfélagi og menningarlífi
- völdum bókmenntatextum, fræðslu- og fréttagreinum og textum af neti
- orðaforða og orðasamböndum sem tengjast námsefni daglegu töluðu máli einnig þegar um er að ræða nýtt efni

**Leikniviðmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa öðlast leikni í:**

- rökræða í ræðu og riti og beita gagnrýninni hugsun þar sem skoðanir hans koma fram á skýran hátt
- nýta á markvissan hátt viðeigandi hjálpargögn til að efla eigin málfærni m.a. með því að nýta málfræðilegar upplýsingar
- skilja og nota algeng stílbrögð í ritmáli
- nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og draga ályktanir
- flytja af nokkru öryggi verkefni fyrir kennara og nemendur í smærri hópum lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem rauntexta og fjalla um inntak þeirra bæði skriflega og munnlega

**Hæfnviðmið við lok áfangans eru að nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta málfræðilegar upplýsingar
- beita skýru og lýtalausum máli í ræðu og riti
- taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu
- túlka texta þó merkingin liggi ekki á yfirborðinu tengja inntak bókmenntaverks saman við eigið líf, við önnur sambærileg verk og t.d. semja nýjan endi á bókmenntaverk

**Námsmat:**

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Lestur	Smásögur 5-6 próf	30%
Hlustun	2-3 próf	20%
Tal	2-3 próf	20%
Ritun	2-3 próf	20%
Ástundun	Virkni, áhugi og vinnubrögð	10%

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

<b>Vika</b>	<b>Dagsetning</b>	<b>Námsefni og viðfangsefni</b>	<b>Próf og verkefni</b>
1 - 4	19. ágúst - 13. september	Danskir fjölmiðlar, lestur, hlustun, ritun og munnlegt	Smásaga 1 & 2 Ritun 1
5 - 8	16. september - 11. október	Danskir fjölmiðlar, lestur, hlustun, ritun og munnlegt	Smásaga 3 & 4 Hlustun 1 Munnlegt 1
9 - 12	14. október - 8. nóvember	Danskir fjölmiðlar, lestur, hlustun, ritun og munnlegt	Smásaga 5 & 6 Ritun 2
13 - 16	11. nóvember - 6. desember	Danskir fjölmiðlar, lestur, hlustun, ritun og munnlegt	Hlustun 2 Munnlegt 2
17 - 19	9. desember - 20. desember	Danskir fjölmiðlar, lestur, hlustun, ritun og munnlegt	Skráp

**Sérreglur áfangans:**

Nemendur þurfa að taka próf úr öllum færniþáttum tungumálsins (ritun, lestur, hlustun og munnlegt), til þess að ná áfanganum.

Nemendur geta ekki tekið próf nema hafa unnið undirbúningsverkefni og skilað.

Það er ekki hægt að endurtaka próf.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Yfirferð námsefnis getur verið breytileg á milli hópa.

*Selfossi, ágúst 2024*

***Sigríður Sigurðardóttir og Pelle Damby Carøe***